

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 21.1.2022
UST202201-171/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 og nýtt deiliskipulag fyrir Stóru-Mástungu II

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 18. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 og nýju deiliskipulagi fyrir Stóru-Mástungu II.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina 3,8 ha land sem frístundabyggð og minnkar landbúnaðarland sem því nemur. Auk þess kemur fram að áformað er að reisa þrjú frístundahús á þremur lóðum ásamt möguleika á gestahúsi við hvert frístundahús.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur